

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 67**  
 leyfi til að halda lotterí. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 2 p. m., hafið þjer, herra amt- 10. júní.  
 maður, sent hingað með álitsskjali bæjarfógetans í Reykjavík erindi frá nefnd manna úr  
 Good-Templars-fjelagsdeildunum «Framtíðin» og «Verðandi», þarsem þess er farið á leit,  
 að deildum þessum verði leyft að halda lotterí um 600 kr., sem skuli vera í 40 vinn-  
 ingum, er nemi hver frá 5 til 100 kr. og greiðist í peningum, eða ef það fæst ekki, þá  
 að vinningarnir verði gagnlegir og vel valdir munir, er sjeu jafnmikils virði.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari  
 birtingar, að jeg, eptir reglum þeim, sem hingaðtil hefur verið fylgt, sbr. landshöfðingja-  
 brjef 9. maí 1882 (Stj.tíð. B, 93. bls.), ekki álit rjett að veita leyfi til að halda lotterí,  
 þarsem vinningarnir eru peningar, en aptur á móti leyfi jeg beiðendunum að halda  
 lotterí, þarsem vinningarnir sjeu vel valdir gagnlegir munir, og að öðru leyti með því  
 fyrirkomulagi og í því augnamiði, sem tekið er fram í áðurnefndu erindi. Ennfremur  
 ber forstöðumönnum lotterisins að hegða sjer nákvæmlega eptir þeim reglum, sem þjer  
 eða hlutadeigandi lögreglustjóri kynni að setja því til tryggingar, að engin vandkvæði  
 hljótist af lotteríinu.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um 68**  
 bráðabirgðalán til að kaupa jörð undir búnaðarskólastofnun. — Með brjefi þessu veitti 11. júní.  
 landshöfðingi sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu 3000 kr. lán til bráðabirgða úr landssjóði  
 til að kaupa handa sýslunni jörðina Hvanneyri með eignum þeim, sem undir hana liggja,  
 til búnaðarskólastofnunar, gegn því að lánið ávaxtist með 4% á ári og endurborgist ásamt  
 1200 kr., láni sem veitt var með landshöfðingjabrjefi 19. okt. f. á. (sbr. Stjórnartíð. 1885  
 B, bls. 136) innan loka þessa árs, ef sýslunefndin kynni að afsala öðrum eignina innan  
 þess tíma.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um flutn- 69**  
 ing þingstaðar. — Eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Skriðuhreppi í Eyjafjarðarsýslu, 15. júní.  
 sem bæði sýslunefnd og sýslumaður hafa mælt fram með, og eptir tillögum yðar, herra  
 amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. apríl p. á., samþykkist hjermeð, að þing-  
 staðurinn í tjeðum hreppi sje fluttur frá Skriðu að Staðartungu, með því skilyrði, að  
 hreppsnefndin komi upp sem fyrst húsi á Staðartungu, er notað verði fyrir þinghús.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, og  
 þarsem Staðartunga er þjóðjörð, vil jeg skora á yður, að leggja fyrir hlutadeigandi um-  
 boðsmann, að hafa eptirlit með því, að fyrnefnt þinghús verði sett á hentugan stað, svo  
 að tún jarðarinnar verði fyrir sem minnstu spelli og átroðningi.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu útaf fyrir- 70**  
 spurn viðvíkjandi rjettum skilningi á 5. gr. landamerkjaganna 17. marz 1882. — 15. júní.  
 Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað er-  
 indí frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, þarsem hann ber upp þessar fyrirspurnir  
 viðvíkjandi rjettum skilningi á 5. gr. í landamerkjalögum 17. marz 1882:

15. dag júlímán. 1886.